



Borgarráð

Reykjavík, 3. október 2025
USK25100042

Maríubaugur 3, sala á húseiningu til flutnings

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á stakri húseiningu við Maríubaug 3, til Welcome Hotels ehf.

Greinargerð

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsti til sölu húseiningu til flutnings sem staðsett er við leikskólann Maríuborg, Maríubaug 3. Einingin var auglýst í opnu uppboðsferli.

Lágmarksverð var 2.500.000,-. Alls bárust 16 tilboð í húseininguna og var hæsta tilboð sem barst 5.718.000,- Kaupandi er Welcome Hotels ehf.

Kaupanda ber að fjarlægja húseininguna á eigin kostnað og ábyrgð og ganga frá lóð.

Kaupverð greiðist að fullu við undirritun kaupsamnings.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Kaupsamningur / afsal

Kaupsamningur / Afsal

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, selur hér með og afsalar Welcome Hotels, kt. 510811-0620, húseiningu sem staðsett er á lóð Maríuborgar, Maríubaug 3, 113 Reykjavík, til brottflutnings.

Húseiningin hefur verið skráð með fasteignanúmeri hjá Þjóðskrá en verður afskráð af seljanda við undirritun kaupsamnings.

Um er að ræða 57,7 m² einingu merkt **G-2S** skv. Þjóðskrá, merkt 020101 undir fasteignanúmeri F2262187.

Einingin er seld í því ástandi sem hún var í við lok uppboðs á eigninni, þar sem hún er staðsett við Maríuborg, sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sættir sig við að öllu leyti. Húseiningin selst til flutnings og án lóðarréttinda og skal fjarlægja hana af lóð Breiðholtsskóla eins fljótt og kostur er.

Umsamið kaupverð eignarinnar kr. 5.718.000.- fimmilljónir sjö hundruð og átján þúsund 00/100, sem kaupandi greiðir að fullu við undirritun kaupsamnings.

Um kaupsamning þennan gildir auglýsing eins og hún birtist á uppboðsvefnum www.uppbod.com ásamt fylgigögnum en frestur til að gera tilboð í eignina rann út þann 12. september 2025.

Afhending fer fram samkvæmt nánara samkomulagi og eigi síðar en **12. nóvember, 2025**. Eftir þann tíma mun seljandi hlutast til um að láta fjarlægja einingarnar á kostnað kaupanda. Kaupandi sér um og aflar tilskilinna leyfa fyrir flutningi og/eða niðurrifi og ber fulla ábyrgð á framkvæmdinni.

Kaupandi skal ganga þannig frá lóðinni að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Frágangur lagna í jörðu verður í höndum seljanda.

Samkvæmt framangreindu lýsir Reykjavíkurborg, vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, hér með Welcome Hotels, réttan og löglegan eiganda hins selda.

Til staðfestu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Gerð verða tvö samhljóða eintök af samningi þessum.

Reykjavík, dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar skv. samþykki
borgarráðs dags. _____

F.h. kaupanda

Welcome Hotels
Helena Rós Sigmarsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

Helena Rós Sigmarsdóttir
Kt. 261172-5859
Lögfræðingur

HR

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Færanleg húseining við Mariuborg



↓ Load more images

Reykjavíkurborg býður til sölu færanlega húseiningu sem staðsett er á lóð leikskólans Mariuborg, Mariubaug 3, 113, Reykjavík. Einingin er 57,7 m² og er úr timbri, byggð 2003. Hún er merkt G-S2 á yfirlitsmynd.

Skoðun og tengiliðir:

Ahugasamir eru hvattir til að kynna sér ástand einingarinnar vel, fá til liðs við sig sérfræðinga eins og við á og gæta árvekni við skoðun og úttekt. Hægt er að skoða eininguna eftir samkomulagi. Tengiliður í Mariuborg er Þórhildur Einarsdóttir í síma 577 1125, netfang: thorhildur.einarsdottir@reykjavik.is

Skilmálar:

- Kaupendur eru hvattir til þess að kynna sér ástand húseiningarinnar, bæði með sjónskoðun en einnig með því að kynna sér vel meðfylgjandi ástandsskýrslu
- Eining selst í núverandi ástandi.
- Kaupandi ber ábyrgð á flutningi, leyfum og frágangi lóðar þannig að ekki hljóti -hætta af fyrir gangandi vegfarendu
- Frágangur lagna í jörðu er á byrgð seljanda.
- Kaupanda ber að flytja einingar strax við kaupsamning eða nánara samkomulagi við seljanda.
- Eignirnar verða afskráðar við kaupsamning og ber kaupandi ábyrgð á að flytja tryggingar á sitt nafn.
- Tryggingar eru á byrgð kaupanda eftir afhendingu.
- Sala fasteigna hjá Reykjavíkurborg er með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Gögn með auglýsingu:

- Fasteignayfirlit - <https://drive.google.com/file/d/1VPIEMo2-m9q6nZuVcgGWdnQscMrbTySQ/view?usp=sharing>
- Ástandsskýrsla Eflu, dags. 18.06.2025 - https://drive.google.com/file/d/1EuyXHQxLcTo9FnLvaQjEZ3M_KFQdJ9p/view?usp=sharing
- Kaupsamningsdrög - https://docs.google.com/document/d/1_9mDQ8I5ZGyuxSA6MwZ5ziXOionYz8Jy/edit?usp=sharing&oid=108121514960675993750&rtppof=true&sd=true

<https://www.uppbod.com/is/auction/lot/2503/>